


Menntaskóli í tónlist



Skólaárið 2022-2023

Skólanámskrá og
námsbrautarlýsingar

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Framtíðarsýn	7
Hlutverk	7
Markmið	7
Stefna skólans.....	7
Um skólann.....	9
Klassísk og rytmísk deild.....	9
Hljóðfæranám.....	9
Söngnám.....	10
Kennsluhættir	10
Skipulag náms.....	10
Skipulag náms	10
Hljómsveitir og samspil	11
Nemendaópera/-söngleikir	11
Fræðigreinar í tónlist	11
Fjarnám.....	11
Almennar bóknámsgreinar.....	11
Námsmat	11
Námslok.....	12
Námsferill og skráning upplýsinga.....	12
Jafnrétti til náms.....	12
Félagslegt umhverfi	12
Starfsáætlun MÍT skólaárið 2022-2023	13
Stjórnskipan skóla.....	13
Skipurit	14
Starfsmenn	14
Nefndir og ráð	14
Skólanefnd.....	14
Skólaráð.....	14

Foreldraráð.....	15
Nemendafélag.....	15
Fundir.....	15
Kennarafundir.....	15
Skólafundir.....	15
Samstarfsaðilar.....	15
Skóla- og mætingareglur.....	15
Skólareglur.....	15
Mætingarreglur.....	16
Ráðgjöf.....	16
Meðferð ágreiningsmála.....	16
Meðferð undanþágubeiðna.....	18
Verklagsreglur um sérúrræði.....	18
Sjálfsmat og gæðamál.....	18
Önnur þjónusta.....	18
Tenging við aðalnámskrá framhaldsskóla.....	19
Stefna MÍT í einstökum málefnum.....	21
Forvarnir og heilsusamlegir lífshættir.....	21
Umhverfismál.....	21
Jafnréttisáætlun.....	21
Launajafnrétti.....	22
Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.....	22
Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.....	22
Virðing í samskiptum og öruggt skólasamfélag.....	22
Menntun og skólastarf.....	23
Félagsstarf nemenda.....	23
Eftirfylgni.....	23
Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi í MÍT.....	23
Skilgreining.....	23
Birtingarmyndir:.....	24
Fyrirbyggjandi aðgerðir og forvarnir:.....	24
Viðurlög.....	24
Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna.....	24
Rýmingaráætlun Menntaskóla í tónlist.....	25

Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fleira.....	26
Áfallaáætlun	26
Námsbrautalýsingar	30
Brautir til stúdentsprófs	30
Tónlistarbraut-klassísk (Stúdent).....	30
Lýsing.....	30
Inntökuskilyrði.....	30
Skipulag	30
Námsmat	31
Reglur um námsframvindu	31
Hæfniviðmið	31
Einingafjöldi.....	31
Kjarni	32
Bundið pakkaval	33
Bundið pakkaval	34
Frjálst val	34
Tónlistarbraut-rytmísk (stúdent).....	36
Lýsing.....	36
Inntökuskilyrði.....	36
Skipulag	36
Námsmat	36
Reglur um námsframvindu	37
Hæfniviðmið	37
Einingafjöldi.....	37
Kjarni	38
Bundið pakkaval	38
Bundið pakkaval	39
Frjálst val	40
Rytmísk tónlistarbraut- popplína (stúdent).....	41
Lýsing.....	41
Inntökuskilyrði.....	41
Skipulag	41
Námsmat	41
Reglur um námsframvindu	41

Hæfniviðmið	42
Einingafjöldi	42
200 fein	42
Kjarni	43
Bundið pakkaval	44
Bundið pakkaval	44
Frjálst val	45
Almennar brautir (námslok á þriðja hæfniprepi)	46
Klassísk tónlistarbraut (námslok á 3. hæfniprepi)	46
Lýsing	46
Inntökuskilyrði	46
Skipulag	46
Námsmat	47
Reglur um námsframvindu	47
Hæfniviðmið	47
Einingafjöldi	47
Kjarni	48
Bundið pakkaval	48
Frjálst val	49
Rytmsk tónlistarbraut (námslok á 3. hæfniprepi)	50
Lýsing	50
Inntökuskilyrði	50
Skipulag	50
Námsmat	50
Reglur um námsframvindu	50
Hæfniviðmið	51
Einingafjöldi	51
Kjarni	51
Bundið pakkaval	52
Frjálst val	52
Popplína (námslok á 3. hæfniprepi)	53
Lýsing	53
Inntökuskilyrði	53
Skipulag	53

Námsmat	53
Reglur um námsframvindu	53
Hæfniviðmið	53
Einingafjöldi	54
Kjarni	55
Bundið pakkaval	56
Frjálst val	56

Inngangur

Ein meginforsendan fyrir öfluggu tónlistarlífi á Íslandi er að boðið sé upp á kröftugt og framsækið tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Námið þarf að taka mið af óvenjulegum aðstæðum hér á landi og þarf því að vera ætlað að mennta fært tónlistarfólk til þess að starfa hér heima og erlendis. Framhaldsnám í tónlist þarf að undirbúa nemendur á markvissan hátt undir háskólanám í tónlist og til að starfa sem tónlistarmenn. Tónlistarnám undirbýr nemendur jafnframt undir fjölbreytt nám og störf, svo ekki sé talað um þá lífsfyllingu sem tónlist veitir þeim sem hana iðka. Námið þarf að vera nógu öflugt til þess að nemendur útskrifist sem sterkir og sjálfstæðir einstaklingar með djúpa þekkingu á tónlist og þeim fræðigreinum sem tengjast henni. Nái þeir að afla sér hagnýtrar og fræðilegrar þekkingar á meginviðfangsefnum námsins má reikna með að það hjálpi þeim að takast á við ólíkar aðstæður seinna á lífsleiðinni.

Meginmarkmið Menntaskóla í tónlist er að mennta fólk til þeirra fjölbreyttu starfa sem tónlistarmenn vinna: tónlistarkennara í tónlistarskólum landsins og almenna skólakerfinu og atvinnutónlistarmenn- og tónsmiði til þess að tónlistarlíf á Íslandi geti haldið áfram að þróast og blómstra. Námið er því góður undirbúningur undir háskólanám og fjölbreytt störf á sviði tónlistar og skapandi greina. Miðað er að því að undirbúa nemendur að taka þátt í samfélagi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á skapandi hugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Skólinn leggur allt kapp á að skapa umhverfi þar sem nemendur fá það atlæti sem nauðsynlegt er til þess að þroskast sem listamenn og manneskjur. Þess ber þó að geta að námið þarf að vera í sífelldri endurskoðun og lagað að þörfum nemenda og samfélagsins hverju sinni.

Í Menntaskóla í tónlist er boðið upp á nám í bæði rytmískri og klassískri tónlist. Skólinn býður upp á nýjar og áhugaverðar námsleiðir í tónlist og geta nemendur útskrifast frá skólanum með stúdentspróf með tónlist sem aðalnámsgrein. Námsframboð er afar fjölbreytt og nemendur geta valið námskeið úr ólíkum sviðum tónlistar til þess að dýpka þekkingu sína og færni. Þannig geta nemendur mótað námið að sínu áhugasviði og framtíðaráformum.

Menntaskóla í tónlist er ætlað að skapa frjótt og fjölbreytilegt umhverfi fyrir efnilega tónlistarnemendur af landinu öllu þar sem þeir fá nauðsynlega þjálfun í tónlistarflutningi, tónsköpun og fræðigreinum tónlistar.

Framtíðarsýn

Hlutverk

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í háum gæðaflokki fyrir nemendur sem langar til að gerast atvinnumenn í tónlist eða vilja stunda áhugavert og krefjandi nám í tónlist. Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun í tónlist sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur á lífsleiðinni.

Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild undir sama þaki en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum.

Markmið

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð er áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist í hljóðfæraleik eða söng. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar.

Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn. Þar verður því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar.

Stefna skólans

- Að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf.
- Að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.
- Að leggja sérstaka rækt við samleik og samvinnu nemenda með því að standa að öflugum hljómsveitarstarfi og fjölbreyttum samspilsverkefnum í minni og stærri hópum.
- Að skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur fá nauðsynlegan undirbúning til að stunda háskólanám í tónlist og starfa sem tónlistarmenn.
- Að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu.
- Að hvetja nemendur til þess að iðka og hlusta á fjölbreytta tónlist, fara á tónleika, lesa sér til, hrífast og öðlast bættan skilning á listinni sem þeir iðka.

- Að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms og auknum tækifærum fyrir efnilega tónlistarnemendur til að sækja besta tónlistarnám sem völ er á óháð efnahag og búsetu.
- Að auka námsframboð til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum.
- Að gefa nemendum tækifæri á aukinni sérhæfingu í ólíkum stíltegundum tónlistar.
- Að bjóða upp á hagnýt námskeið um störf tónlistarmanna.

Um skólann

Skólinn er skýr valkostur fyrir nemendur sem stefna að því að leggja fyrir sig tónlist sem starfsgrein eða vilja stunda krefjandi og áhugavert tónlistarnám á framhaldsstigi. Skólinn býður upp á fjölbreytt námsframboð og einstaklingsmiðað nám þar sem samspil og hljómsveitarleikur er stór hluti námsins. Í skólanum koma saman ólíkir straumar og stefnur sem opna áhugaverðar nýjar leiðir í tónlistarnámi. Nám við skólann veitir markvissan og góðan undirbúning fyrir háskólanám í tónlist og störf tónlistarmanna. Við skólann eiga nemendur þess kost að ljúka stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein, burtfararprófi sem er lokapróf úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi og framhaldsprófi í tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Með því fá nemendur nauðsynlegt rými til að ná árangri í tónlistarnámi á mikilvægum mótunarárum. Nám við skólann hentar einnig nemendum sem stunda nám við aðra framhaldsskóla og er metið til framhaldsskólaeininga. Skólanum er ætlað að bjóða nemendum upp á vandaða og metnaðarfulla tónlistarkennslu á framhaldsstigi og skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur geta þroskast sem listamenn.

Námskröfur miðast við að gera íslenska tónlistarnemendur samkeppnishæfa í alþjóðlegu umhverfi og að þeir eigi góða möguleika á að standast inntökupróf í háskóla hér heima og erlendis. Með því að bjóða upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar geta nemendur mótað námið eftir eigin þörfum og áhugasviði. Við skólann er bæði klassísk og rytmísk deild og við það opnast margir möguleikar á að leiða saman ólíkar stefnur og veita nemendum tækifæri til þess að kynna sér ólík svið tónlistar.

Klassísk og rytmísk deild

Í skólanum eru tvær deildir starfræktar það er klassískt og rytmískt nám í hljóðfæraleik og söng. Það að hafa bæði klassíska og rytmíska deild undir sama þaki býður upp á ný og áhugaverð tækifæri fyrir nemendur til að móta tónlistarnámið eftir áhugasviðum þeirra og öðlast innsýn í ólíkar tónlistarstefnur. Hægt er að stunda nám á öll algengustu hljóðfæri á sviði rytmískrar og klassískrar tónlistar. Bæði klassíska og rytmíska sviðið skiptast í söngdeild og hljóðfæradeild. Við hljóðfæradeildirnar er fyrst og fremst lögð áhersla á hljóðfæranám en nemendur fá einnig haldgóða menntun í bóklegum greinum tónlistar. Stór hluti námsins felst í fjölbreyttu samspili í stærri og minni samspilshópum og hljómsveitum allan námstímann. Einnig geta nemendur valið að leggja aðaláherslu á bóklegar greinar í tónlist, heimstónlist, popptónlist, raftónlist eða tónsmíðar. Nemendum er þannig frjálst að sækja valnámskeið úr bæði rytmískri og klassískri deild og geta þannig mótað námið að sínu áhugasviði og hæfileikum. Fræðigreinar eru kenndar samkvæmt skólanámskrá og aðalnámskrá tónlistarskóla en boðið er upp á fjölbreyttar bóklegar tónlistargreinar allan námstímann.

Hljóðfæranám

Fyrir hljóðfæranemendur sem hyggjast hafa tónlist að atvinnu er lykilatriði að vera í umhverfi þar sem þeir fá nauðsynlega reynslu í sviðsframkomu og því að leika með öðrum. Þess vegna vinnur skólinn að því að skapa slíkt umhverfi, þar sem hljóðfæranemendur njóta nauðsynlegs atlætis til þess að ná að þroskast sem tónlistarmenn. Mikilvægur þáttur þess er að þau fái tækifæri til þess að leika í símfóníuhljómsveit og/eða stórsveit og leika í fjölbreyttum samspilshópum undir handleiðslu framúrskarandi listamanna.

Söngnám

Fyrir söngnemendur sem stefna að því að hafa tónlist sem atvinnu er mikilvægt að fá umtalsverða reynslu í sviðsframkomu og tónlistarvinnu með öðrum nemendum og meðleikurum. Þess vegna vinnur skólinn að því að skapa umhverfi þar sem söngnemendur hafa góð skilyrði til að þroskast og vaxa sem tónlistarmenn. Meðal þess sem skólinn stefnir að er að nemendur fái tækifæri til að syngja í kórum og samsöngsverkefnum auk kammerverkefna með fjölbreyttum hljóðfærahópum undir handleiðslu listamanna í fremstu röð. Einnig að nemendur fái ýmis tækifæri til að koma fram á tónleikum og taka þátt í óperu- og söngleikjauppfærslum.

Kennsluhættir

Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda og að þeir fái góða grunnmenntun í tónlist sem byggist upp á einstaklingsmiðuðu námi sem lagað er að þörfum hvers og eins. Nýttar eru fjölbreyttar leiðir til að auka þekkingu, leikni og hæfni nemenda og þeim veitt leiðsögn í átt að settu marki. Hljóðfæra- og söngnám fer fram í einkatímum en bóklegar tónlistargreinar sem og almennar bóknámsgreinar eru kenndar í hóptímum. Lögð er sérstök áhersla á virkni og sjálfstæði nemenda en jafnframt hljóta þeir góða þjálfun í samvinnu með því að taka þátt í fjölbreyttum samspilsverkefnum á öllum námstímanum.

Skipulag náms

Skipulag náms

Við skólann er boðið upp á þrjár námsbrautir til stúdentsprófs með tónlist sem aðalnámsgrein. Þær eru tónlistarbraut-klassísk, tónlistarbraut-rytmísk og rytmísk tónlistarbraut-popplína. Brautirnar bjóða upp sérhæfingu í klassískri tónlist, jazztónlist og popptónlist. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, raftónlist eða tónsmíðar. Námið er skipulagt sem þriggja til fjögurra ára nám, þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Lámærkeiningafjöldi á tónlistarbrautum til stúdentsprófs er 200 einingar. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri tónlist, jazz- eða popptónlist og sótt námskeið á ólíkum tónlistarsviðum. Almennar bóknámsgreinar á stúdentsbrautum eru kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, en nemendur geta jafnframt fengið áfanga metna úr öðrum framhaldsskólum. Nemendur sem stunda nám á stúdentsbrautum geta þó ekki stundað nám við aðra framhaldsskóla samhliða. Nánar er fjallað um skipulag námsins í námsbrautarlýsingum.

Einnig er boðið upp á þrjár brautir með námslokum á þriðja hæfniprepi þar sem lokamarkmið er burtfararpróf í tónlist. Þær eru klassísk tónlistarbraut, rytmísk tónlistarbraut og popplína. Nám á brautunum er að lágmarki 150 einingar þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, raftónlist eða tónsmíðar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Námið er byggt upp í áfangakerfi og stjórnar því nemandinn sjálfur námshraða og námsframvinu innan ákveðinna marka.

Framhaldsskólæining

Framhaldsskólæiningin er skilgreind út frá vinnuframlagi nemenda. Ein eining er miðuð við þriggja daga vinnu nemandans í 6–8 klukkustundir á dag. Inni í þessari mælingu er tímasókn nemandans, heimavinna, prófundirbúningur og próftaka. Fullt ársnám nemenda er 60-66 einingar og er þá miðað við 180 daga skólaár.

Hljómsveitir og samspil

Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og á að þeir fái þjálfun í hljómsveitarleik, kammermúsík og samspili. Innan skólans er starfandi fullskipuð sinfóníuhljómsveit og innan rytmískrar deildar er jafnframt starfandi fullskipuð stórsveit. Innan rytmískrar deildar eru þar að auki starfandi fjölbreyttir samspilshópar þar sem lögð er áhersla á ólíkar stíltegundir. Innan klassískrar deildar eru starfandi fjölbreyttir kammerhópar. Nemendur eru hvattir til þess að taka virkan þátt í kammermúsík/samspili og hljómsveitarstarfi skólans og er það hluti af kjarna námsbrautanna.

Nemendaópera/-söngleikir

Innan skólans starfar nemendaópera og setur hún upp eina óperusýning á hverjum vetri. Hljómsveit skipuð nemendum leikur undir og kór skólans tekur þátt í uppfærslunum. Söngnemendur sem leggja stund á klassískan söng taka þátt í sýningunni og nemendur sem læra rytmískan söng eiga þess jafnframt kost að taka þátt. Innan rytmískrar deildar eru sett upp söngleikir og/eða söngdagskrár á hverri önn en nemendur klassískrar deildar fá einnig tækifæri til að taka þátt í þeim.

Fræðigreinar í tónlist

Boðið er upp á fjölbreyttar bóklegar tónlistargreinar allan námstímann með tilliti til aldurs og þroska nemenda. Kenndar eru hefðbundnar tónfræðagreinar en einnig eru í boði aðrir áfangar sem miða að því að dýpka þekkingu nemenda á ólíkum sviðum tónlistar og undirbúa þá á hagnýtan hátt undir störf tónlistarmanna. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám í bóklegum greinum á framhaldsstigi og nemendur annarra skóla geta sótt eitthvað af fræðigreinakennslu þangað, því ekki hafa allir skólar burði til þess að halda úti kennslu í öllum þeim bóklegu fögum sem ætlast er til að nemendur ljúki fyrir framhaldspróf í tónlist. Skólinn býður jafnframt upp á fjarnám í öllum þeim bóklegu tónlistargreinum sem þarf til þess að ljúka fullgildu framhaldsprófi í tónlist. Tölvu- og upptökuver er við skólann sem nýtist við upptökur, kennslu í hljóðvinnslu, tónfræðakennslu, tónsköpun og kennslu í nýjum miðlum.

Fjarnám

Skólinn býður upp á fjarnám í tónfræðagreinum fyrir nemendur sem stunda nám í tónlistarskólum á landsbyggðinni til þess að gera þeim kleift að ljúka fullgildu framhaldsprófi. Þá stefnir skólinn á aukid samstarf við tónlistarskóla á landsbyggðinni.

Almennar bóknámsgreinar

Kennsla almennra bóknámsgreina annarra en tónlistargreina til stúdentsprófs fer fram við Menntaskólann við Hamrahlíð og liggur fyrir samstarfssamningur milli skólanna um kennslu þeirra. Í námsbrautarlýsingum er útfært nánar hvaða almennu námsgreinar nemendur þurfa að taka til þess að útskrifast með stúdentspróf. Einnig eiga nemendur þess kost að fá almennar bóknámsgreinar metnar úr öðrum framhaldsskólum, sé um sambærileg námskeið að ræða.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Við námsmat er lögð áhersla á að það endurspegli markmið námsins. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat er tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Nemendur taka hljóðfæra-/söngpróf á haust- og vorönn og fá einkunnir fyrir iðni og umsögn kennara á hverri önn. Jafnframt taka nemendur próf í bóklegum greinum við lok hvers áfanga. Við upphaf áfanga fær nemandi kennsluáætlun þar sem jafnframt koma fram markmið

hvers áfanga og aðferðir við námsmat. Námsmat fer fram í lok hvers áfanga eða síðar eftir nánara skipulagi þar um. Ákvörðun um námsmat er í höndum kennara og viðkomandi deildar.

Námslok

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, 41-42) raðast námslok námsbrauta í framhaldsskóla á hæfniprep. Með röðun brautanna á hæfniprep eru dregnar fram mismunandi kröfur um hæfni nemanda að loknu námi. Hæfniprepin mynda þannig ramma um mismunandi kröfur við námslok án tillits til þess hvort námið er bóknám, listnám eða starfsnám. Í lýsingu á hæfniprepum er annars vegar lögð áhersla á lykilhæfni og grunnþætti og hins vegar aukna sérhæfingu í námi. Hæfniprepin eru skilgreind með nemendum í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila. Hæfniprepin eiga að gefa vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur og eru þannig leiðbeinandi við gerð áfanga- og námsbrautalýsinga. Hæfniprepin eru einnig upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, jafnt nemendur sem atvinnulíf og næsta skólastig sem tekur við nemendum að loknu námi.

Nemendur geta útskrifast frá skólanum með stúdentspróf með tónlist sem aðalnámsgrein. Þeir geta jafnframt útskrifast með burtfararpróf sem er lokapróf úr framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Að námi loknu fá nemendur skírteini sem staðfesta námslok og námsferil.

Námsferill og skráning upplýsinga

Námsferill nemenda er skráður í kennslukerfið INNU og við lok annar getur nemandi fengið útprentað yfirlit um námsferil sinn og stöðu í námi. Upplýsingar um námsferil nemenda er geymdur í tölvukerfi skólans og í skjalasafni. Útskrifaðir nemendur geta óskað eftir staðfestingu á námslokum og fengið yfirlit yfir námsferil sinn.

Hafi nemandi lokið sambærilegum námsáfanga úr öðrum framhaldsskóla getur hann fengið hann metinn. Einkunnir færast milli skóla ef um sambærilegt námsefni er að ræða. Slíkt mat fer fram af deildarstjóra í samráði við skólastjóra.

Jafnrétti til náms

Nemendur geta stundað nám við skólann óháð búsetu og býður skólinn nemendum alls staðar að af landinu velkomna. Skólinn mun beita sér fyrir því að nemendur geti stundað þar nám óháð efnahagslegum eða félagslegum bakgrunni.

Félagslegt umhverfi

Í skólanum er saman kominn nokkuð stór hópur nemenda á svipuðu aldurs- og hæfnistigi. Það skapar örvandi umhverfi þar sem nemendur styðja hver annan og vinna að sömu markmiðum. Slík samvinna ýtir undir félagslegan þroska og hvetur nemendur áfram í sínu tónlistarnámi. Í umhverfi sem þessu felast miklir möguleikar á fjölbreyttu samspili og hljómsveitarleik og það stuðlar að heilbrigðri samkeppni.

Starfsáætlun MÍT skólaárið 2022-2023

Skólaárið skiptist í tvær annir, haustönn og vorönn. Kennslutímabil hvorrar annar er 16 vikur og prófatímabil er tvær vikur. Starfsdagar skóla, þ.e. kennslu- og prófadagar eru 180 talsins. Skólastarf hefst ekki fyrr en 18. ágúst ár hvert og því lýkur eigi síðar en 31. maí.

Fyrsti kennsludagur á haustönn 2022 er mánudagurinn 22. ágúst en síðasti kennsludagur er föstudaginn 9. desember. Hljóðfæra og söngpróf á haustönn verða vikuna 21.-25. nóvember. Prófavika í bóklegum fögum er 5. til 9. desember. Fyrsti kennsludagur á vorönn er fimmtudagur 5. janúar en síðasti kennsludagur vorannar er 12. maí. Prófavika á vorönn í hljóðfæraleik og söng er 18.-24. apríl. Prófavika í bóklegum greinum er 3.-12. maí.

Brautskráning fer fram í lok vorannar, þann 26. maí árið 2022. Kennarar og nemendur fá nýja stundatöflu fyrir upphaf hvorrar annar. Haustönn er ávallt brotin upp í október, með vetrarfrí, en haustönn 2022 er vetrarfrí dagana 21. og 24. október.

Jólaleyfi er að jafnaði frá 21. desember til 3. janúar. Páskaleyfi er frá mánudegi í dymbilvikunni til þriðjudags á eftir öðrum páskadegi, þ.e. skóli hefst á miðvikudegi eftir páska.

Skólinn stendur fyrir fjölda opinberra tónleika á ári hverju og nánari upplýsingar um tónleika, meistaranámskeið og aðra starfsemi skólans og mikilvægar dagsetningar má finna á skóladagatali skólans og á heimasíðu hans.

Kennarafundir á haustönn eru þrjár, þann 18. ágúst, 23. september og 18. nóvember. Fundurinn þann Kennarafundir á vorönn eru jafnframt þrjár, en dagsetningar eru enn óákveðnar. Skólafundur fer fram í apríl ár hvert.

Stjórnskipan skóla

Skólinn er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík. Skólinn var stofnaður af Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH árið 2017. Skólinn starfar eftir aðalnámsskrá framhaldsskóla sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og tekur jafnframt mið af aðalnámsskrá tónlistarskóla. Tekjur skólans byggjast á opinberum framlögum frá ríkissjóði. Jafnframt innheimtir skólinn skólagjöld af nemendum skólans sem standa undir kostnaði við daglegan rekstur hans, öðrum en kennslukostnaði. Með málefni skólans fer stjórn hans eða skólanefnd sem skipuð er eins og kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Skólanefnd ræður skólameistara.

Skólameistari annast stjórn skólans í umboði skólanefndar og ber ábyrgð gagnvart henni. Skólameistari ber ábyrgð á að starfstilhögun skólans sé í samræmi við hlutverk hans, markmið og gæðakröfur, m.a. hvað varðar námskrá og kennslufyrirkomulag. Hann framfylgir stefnu skólans og kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og öðrum utanaðkomandi aðilum. Hann skipuleggur, annast starfsemi skólans og hefur yfirumsjón með skólastarfi. Enn fremur ræður hann kennara og annað starfsfólk til starfa að fengnu samþykki skólanefndar. Skólameistari sér um rekstur og fjármál skólans í umboði skólanefndar, hann gerir jafnframt drög að fjárhagsáætlun skólans og leggur fyrir skólanefnd.

Skipurit



Starfsmenn

Við skólann starfa margir af fremstu tónlistarmönnum Þjóðarinnar. Sérstaða skólans liggur meðal annars í því að flestir kennarar við skólann eru starfandi listamenn, flytjendur og tónskáld sem taka virkan þátt í tónlistarlífi landsins. Þeir kennarar sem starfa við skólann hafa nær undantekningarlaust sótt sér háskólamenntun við erlenda háskóla. Mikil verðmæti felast því í þekkingu og reynslu þeirra kennara sem starfa við skólann og við hann er saman kominn á einum stað ómetanlegur þekkingarauður í tónlist og tónlistarkennslu. Það er stefna skólans að ráða vel menntaða kennara til starfa sem eru einnig leiðandi hljómlistarmenn í sinni grein hverju sinni.

Skólaárið 2019-2020 starfa 93 kennarar við Menntaskóla í tónlist, 50 kennarar starfa við klassíska deild skólans og 43 kennarar við rytmíska deild skólans.

Nefndir og ráð

Skólanefnd

Með málefni skólans fer skólanefnd sem skipuð er eins og kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Skólanefnd ræður skólameistara skólans. Hlutverk skólanefndar er að marka áherslur í starfi skólans, vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla og staðfesta skólanámsskrá. Jafnframt veitir skólanefnd skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við við niðurstöður fjárlaga og fylgist með framkvæmd hennar.

Skólaráð

Skólaráð er skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólaráð er skipað fulltrúum nemenda og kennara. Tveir kennarar eru kostnir á kennarafundi, nemendafélag skólans útnefni tvo fulltrúa og foreldraráð

útnefnir einn fulltrúa. Að auki sitja í skólaráði aðstoðarskólameistarar, áfangastjóri og skólameistari sem jafnframt er oddviti skólaráðsins

Foreldraráð

Við skólann starfar foreldraráð samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr 92 frá 2008. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda í samstarfi við skólann og efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann. Forráðamenn allra nemenda við skólann eiga rétt á aðild að því. Kjósa skal í stjórn ráðsins á aðalfundi þess.

Nemendafélag

Við skólann er starfandi nemendafélag og kosið er í stjórn þess á aðalfundi nemendafélags sem haldin er í upphafi haustannar. Nemendafélag MÍT vinnur m.a. að félagsmálum nemenda en jafnframt að hagsmuna- og velferðarmálum þeirra.

Fundir

Kennarafundir

Kennarafundir eru haldnir að minnsta kosti tvisvar á hverri önn eða að lágmarki fjórum sinnum yfir starfsárið. Skólameistari boðar til fundar og leggur fram dagskrá hans. Skólameistari kynnir fundargerðir kennarafunda fyrir skólanefnd. Á kennarafundum er meðal annars unnið að stefnumótun skólans og jafnframt fjallað um námsskipan, kennsluhætti, skólanámskrá, tilhögun prófa og námsmat. Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta lagt önnur mál fyrir kennarafund. Kennarafundur kýs við upphafi haustannar fulltrúa kennara í skólaráð og kýs fulltrúa kennara í skólanefnd á fjögurra ára fresti..

Skólafundir

Skólafundir við MÍT eru haldnir a.m.k einu sinni á hverju skólaári. Allir starfsmenn og kennarar eru boðaðir á skólafund ásamt fulltrúum nemenda. Á skólafundum er rætt um málefni skólans. Skólameistari boðar til skólafundar og leggur fram dagskrá. Fundargerð skólafundar er kynnt fyrir skólanefnd.

Samstarfsaðilar

Skólinn starfar náið með Menntaskólanum við Hamrahlíð og eru almennar bóknámsgreinar kenndar við þann skóla. Skólarnir hafa gert með sér samstarfssamning og mun Menntaskólinn við Hamrahlíð annast kennslu almennra bóknámsgreina. Skólinn mun jafnframt bjóða tónlistarskólum á landsbyggðinni upp á fjárnám í tónfræðigreinum.

Skóla- og mætingareglur

Skólareglur

1. Nemendur sýni verkum og skoðunum hvers annars virðingu.
2. Nemendur gangi vel um æfingaherbergi, nemendaaðstöðu og önnur rými skólans.
3. Nemendur virði reglur skólans um notkun bókasafns, hljóðfæra og tækjakosts.
4. Nemendur gangi vel um eigur skólans, hljóðfæri, búnað, nótur og annað.
5. Áfengis- og tóbaksneysla er bönnuð í skólanum.

Brjóti nemendur reglur skólans fá þeir skriflega aðvörun. Ef um ítrekuð brot er að ræða getur það varðað brottrekstri.

Mætingarreglur

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og æfingar og mæta stundvíslega.
2. Komi nemandi 10 mínútum of seint í kennslustund fær hann fjarvist fyrir þá kennslustund.
3. Fylgst er með mætingu nemenda í öllum áföngum og fari skólasókn nemanda niður fyrir 80% án þess að gildar ástæður séu fyrir hendi er gefin áminning.
4. Fari mæting niður fyrir 75% þarf nemandi að mæta til viðtals hjá deildarstjóra og gera skriflegan samning um bætta ástundun.
5. Haldi nemandi ekki samninginn áskilur skólinn sér rétt til að vísa honum frá námi.

Ráðgjöf

Aðstoðarskólameistarar og áfangastjórar veita námsráðgjöf eftir samkomulagi og nemendur geta leitað sér námsráðgjafar hvenær sem er á námstímanum. Sú ráðgjöf getur falist í hjálp við skipulagningu náms og áætlanagerð og aðstoð vegna námsörðugleika eða annarra vandamála sem upp kunna að koma í skólasterfinu. Skólinn getur jafnframt leitað til utanaðkomandi sérfræðinga vegna vanda nemanda í samráði við þá. Nemendur á stúdentsbraut hafa jafnframt aðgang að námsráðgjöfum við Menntaskólann við Hamrahlið.

Meðferð ágreiningsmála

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skólans. Ágreiningsmálum sem varða einstaka nemendur og ekki leysast í samskiptum einstaklinga skal vísa til skólameistara. Við vinnslu mála skal farið eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla, stjórnarsýslulaga um andmælarétt, meðalhóf o.fl., laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga auk upplýsingalaga.

Miðað skal við að aðstoðarskólalastjórar og yfirmenn viðkomandi deilda séu hafðir með í ráðum við lausn ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra. Við töku ákvaðana um beitingu viðurlaga skal nemandi og forráðamaður hans ávallt upplýstir um heimildir til að kæra ákvörðun skólans til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Samskipti nemenda starfsfólks, hegðun nemenda og brot á skólareglum

Rísi ágreiningur milli nemenda, milli nemenda og kennara og/eða annarra starfsmanna skólans og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu skal því vísað til skólameistara. Hið sama gildir komi fram upplýsingar um brot á skólareglum eða almennum hátternisreglum.

Ef hegðun nemanda reynist verulaga áfátt ber að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót m.a. með viðtölum við nemanda og forráðamenn sé nemandi yngri en 18. ára sbr. 3. mgr. 33. gr. a, laga um framhaldsskóla.

Áður en til beitingar viðurlaga kemur skal að jafnaði veita nemendum skriflega áminningu við fyrsta brot. Heimilt er að falla frá áminningu ef brotið er þess eðlis eða svo alvarlegt (s.s. ef jafnframt er um að ræða brot á almennum hegningarlögum) að það réttlæti beitingu viðurlaga þá þegar m.a. til að tryggja öryggi eða vinnufrið í skólanum.

Áður en til áminningar eða beitingar annarra viðurlaga kemur skal skólameistari tilkynna nemanda og

forráðamanni, sé nemandi yngri en 18. ára, skriflega að til greina komi að áminna nemanda eða beita öðrum viðurlögum. Það athugast að til greina getur komið að beita áminningu og öðrum viðurlögum s.s. tímabundinni brottvísun samtímis. Skal skólameistari gera grein fyrir því hvert brot nemanda var og hvaða viðurlögum fyrirhugað er að beita (möguleg tímabundin eða ótímabundin brottvísun úr skóla). Sé um að ræða áminningu skal gera grein fyrir áhrifum hennar t.d. að annað brot geti leitt til brottvísunar úr skólanum. Frestur til andmæla er ein vika. Að fengnum andmælum eða liðnum andmælafresti skal ákvörðun skólameistara tilkynnt nemanda og forráðamönnum sé nemandi yngri en 18 ára, með skriflegum hætti og gerð grein fyrir rétti nemanda/forráðamanna til að kæra ákvörðunina til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Meðan mál er til meðferðar getur skólameistari vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann nemandanum og forráðamönnum, sé hann yngri en 18 ára, tafarlaust þá ákvörðun. Ef um er að ræða brottvísun í meira en einn skóladag skal aðilum veittur frestur til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun er tekin um brottvísun. Slíkur frestur getur verið mjög skammur enda kann að þurfa að taka slíka ákvörðun samdægurs. Um ákvörðun um brottvísun gilda ákvæði stjórnáskilslutlaga. Skólinn skal leiðbeina nemanda yngri en 18 ára, sem vísað er úr skóla ótímabundið, um mögulega endurkomu í nám óski hann þess. Að fengnum andmælum eða liðnum andmælafresti skal ákvörðun skólameistara tilkynnt nemanda og forráðamönnum sé nemandi yngri en 18 ára, með skriflegum hætti og gerð grein fyrir rétti nemanda/forráðamanna til að kæra ákvörðunina til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Misferli í prófum

Nemandi sem staðinn er að misferli í prófi skal vísað frá prófi og getur hann átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots. Sé brot metið alvarlegt fær nemandi fall í prófi og hefur fyrirgert rétti sínum til endurtökuprófs. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi.

Ágreiningur um námsmat

Komi upp ágreiningur milli nemanda og kennara um mat úrlausnar/lokaeinkunn sem ekki tekst að leysa þeirra á milli geta nemendur snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður prófdómara gildir og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Brot á reglum um skólasókn

Á grundvelli reglna um skólasókn er hægt að vísa nemanda úr skóla vegna lélegrar skólasóknar og skal hann þá áður hafa fengið rafræna viðvörun úr INNU enda hafi verið ljóst að í óefni stefndi. Endanleg brottvikning er á ábyrgð aðstoðarskólameistara sem leitar umsagnar skólaráðs áður en til hennar kemur.

Ágreiningur um námsframvindu

Á grundvelli reglna um námsframvindu á einstökum námsbrautum er hægt að vísa nemanda úr skóla vegna hægrar námsframvindu. Endanleg brottvikning er á ábyrgð skólameistara sem leitar umsagnar skólaráðs skólans áður en til hennar kemur.

Meðferð undanþágubeiðna

Beiðni um undanþágu skal berast til skólameistara eða staðgengils hans. Umsókninni þarf að fylgja greinargóð lýsing á orsökum beiðni eða staðfesting utanaðkomandi fagaðila s.s. íþróttþjálfara eða greiningaraðila. Á prófskírteini nemenda skal ávallt gerð grein fyrir undanþágum frá námsframvindu eða námsmati.

Verklagsreglur um sérúrræði

Nemendur með sérþarfir teljast þeir nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika eða fötlunar. Jafnframt þeir nemendur sem eru með leshömlum, langveikir nemendur, nemendur með þrosaröskun og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

MÍT leggur áherslu á að koma til móts við sérþarfir nemenda og veita þeim þann stuðning sem nauðsynlegur er. Stuðningur getur falið í sér sveigjanlegt námsumhverfi, sérsniðin námsgögn og sérhæft námsmat. Stuðningurinn er skipulagður eftir þörfum hvers nemanda og unnin í nánú samstarfi við MH. Sökum smæðar og sérhæfingar skólans eru möguleikar á úrræðum að einhverju leiti takmarkaðir en skólinn sækir ráðgjöf og fær stuðning hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð hvað sérúrræði varðar.

Nemendur geta sótt um sérúrræði hjá aðstoðarskólameistara eða áfangastjóra og er það unnið í samstarfi við námsráðgjafa.

Sjálfsmat og gæðamál

Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans. Tilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skólans nær til skólastarfsins í heild sinni og í sjálfsmatsskýrslu sem skólinn vinnur árlega er tekið mið af ólíkum þáttum líkt og kennslu, stjórnun, rekstrarþáttum, samskiptum, samvinnu og annarra þátta sem tengjast skólanum. Sjálfsmatið er unnið í nánú tengslum við skólanámskrá og stefnu skólans. Niðurstöður sjálfsmatsskýrslunnar er leiðbeinandi fyrir skólaþróun og umbætur í skólastarfinu. Við gerð námsmatsskýrslunnar er tekið mið af starfsmannakönnunum og starfsmannaviðtölum sem fara fram með reglubundnum hætti. Jafnframt er tekið mið af viðhorfs- og áfangakönnun nemenda. Sjálfsmatið er því samantekt fjölmargra athugana og kannana sem teknar hafa verið saman með hliðsjón af viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um sjálfsmat. Skólameistari hefur yfirumsjón með sjálfsmati en honum er heimilt að skipa nefnd skipaða kennurum til að vinna að sjálfsmatsskýrslu.

Önnur þjónusta

Nemendur hafa aðgang að bókasafni með miklu úrvali af nótum, hljóðritum, dvd-diskum og bókum um tónlist. Nemendur hafa jafnframt aðgang að æfingaaðstöðu og hljóðveri við skólann. Þá er aðgengi að setustofu og eldhúsi sem nemendur geta nýtt sér.

Tenging við aðalnámskrá framhaldsskóla

Námskrá skólans er unnin út frá aðalnámskrá framhaldsskóla sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2011, þar sem skólum er veitt aukið frelsi til þess að leggja fram hugmyndir um inntak og leiðir í námi. Í tónlistarhluta námsins er jafnframt stuðst við aðalnámskrá tónlistarskóla.

Námið er skipulagt út frá hæfniviðmiðum í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum og viðmiðaramma um listnám. Í hæfniramma um nám er ákveðin stígandi í þekkingu, leikni og hæfni nemandans þar sem hann öðlast smám saman meira frelsi, sjálfstæði og þekkingu á sínu fagi. Einnig eru gerðar vaxandi kröfur um listræna getu, áræðni, verkunnáttu, sjálfsþekkingu og víðsýni.

Í aðalnámsskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 er lögð áhersla á sex grunnþætti menntunar:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Læsi

Skólinn leggur ríka áherslu á samspil og samvinnu nemenda þar sem reynir á samskiptahæfni og tjáningu. Þar er bæði átt við það að koma fram og flytja tónlist en jafnframt að tjá sig á skýran og skilmerkilegan hátt í ræðu og riti. Nemendur þurfa að geta svarað spurningum málefnalega og flutt mál sitt skipulega.

Í bóklegum greinum tónlistar er lögð áhersla á að nemendur rökstyðji skoðanir sínar og fái þjálfun í að ræða um tónlist á breiðum grundvelli. Í öllum áföngum er lögð áhersla á að nemendur öðlist aukið læsi í tónlist og geti rætt um verk sín og annarra af þekkingu og umburðarlyndi. Samræða, greining og skilningur á undirliggjandi samhengi eru þjálfuð með markvissum hætti. Einnig þurfa nemendur að vera læsir á fræðilega texta um tónlist á íslensku og ensku og fá þjálfun í þriðja tungumáli. Í tungumálakennslu er lögð sérstök áhersla á að nemendur fái innsýn í ólíka menningarheima og öðlist aukið menningarlæsi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér tungutak tónlistar og undirgreina hennar.

Sjálfbærni

Lögð er áhersla á að viðhalda og efla menningarlega fjölbreytni. Markmiðið er að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt, kenna þeim að njóta þess, virða það og nýta á skynsamlegan hátt. Fjallað er um sameiginlega ábyrgð mannkyns á umhverfi sínu og sjálfbæra þróun. Einnig eru skapandi greinar kynntar og jákvæð áhrif þeirra á samfélagið í efnahagslegum og menningarlegum skilningi, meðal annars hvernig listgreinar geta skapað hagvöxt án þess að gengið sé á lífsgæði komandi kynslóða.

Heilbrigði og velferð

Í tónlistarnámi er lykilatriði að nemendur læri rétta líkamsbeitingu og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega. Skólinn býður nemendum upp á fjölbreytta hreyfingu og heilsueflingu allan námstímann. Áhersla er lögð á að nemendur læri aðferðir sem stuðla að réttri líkamsbeitingu og öndun sem nýtist þeim við tónlistariðkun. Jafnframt eru kennd dansnámskeið sem tengjast ákveðnum tónlistarstefnum og gefa innsýn í fjölbreyta menningarheima. Nemendur eru hvattir til heilbrigðra lífshátta og lögð áhersla á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Þeir hafa jafnframt aðgang að námsráðgjöf allan námstímann. Allir stúdentsbrautarnemendur sækja tíma í lífsleikni á fyrstu tveimur önnum námsins.

Lýðræði og mannréttindi

Í skólanum er lögð áhersla á að styrkja nemendur í því að taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðissamfélagi. Nemendur eru hvattir til að sýna mismunandi skoðunum, lífsgildum og trúarbrögðum virðingu og umburðarlyndi. Leitast er við að auka þekkingu þeirra á samfélaginu og félagslegu umhverfi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindum. Í tungumálanámi er lögð áhersla á hópvinna sem eykur samábyrgð nemenda. Auk þess er unnið að því að þjálfra gagnrýna hugsun á markvissan hátt og nemendur hvattir til þess að taka þátt í þjóðfélagsumræðu og láta sig samfélagsmál varða.

Nemendur eru þjálfaðir til að öðlast skilning á verkum annarra og tjá sig um þau af umburðarlyndi og þekkingu. Þeir eru hvattir til að sýna samfélagslega ábyrgð og að þróa með sér skilning á hlutverki og áhrifum tónlistar í samfélaginu. Í náminu er jafnframt fjallað um höfundarétt, sæmdarrétt og lög og reglugerðir sem gilda um tónlist. Jafnframt er miðað að því að þjálfra nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Jafnrétti

Skólinn starfar eftir jafnréttisáætlun og setur sér stefnu um hvernig henni skuli framfylgt. Jafnrétti endurspeglast í starfsemi skólans, viðhorfum, samskiptum og skólabrag. Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál og eru hvattir til þess að vinna gegn hvers konar fordómum og misrétti sem þeir koma auga á. Í skólastarfinu er lögð áhersla á sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja og á að nemendur beri virðingu fyrir trúarbrögðum, kynþætti, kynhneigð og skoðunum annarra. Markmiðið er að þeir öðlist skilning, temji sér umburðarlyndi og geti tekið virkan og ábyrgan þátt í fjölmenningarlegu samfélagi. Í skólanum er gerð sú krafa að nemendur sýni hver öðrum virðingu á sama hátt og kennarar koma fram við nemendur af virðingu.

Sköpun

Sköpun er einn af lykilþáttum skólastarfsins og nemendur þjálfaðir í að túlka verk á persónulegan og sjálfstæðan hátt. Í skólanum er reynt er að skapa umhverfi þar sem nemendur fá þá þjálfun sem nauðsynleg er til að þeir geti þroskast sem sjálfstæðir listamenn. Þar er bæði átt við frumsköpun og þroska til að túlka verk annarra af innsæi og þekkingu. Lögð er áhersla á að nemendur fái þann þekkingargrunn og handverkskunnáttu sem nauðsynleg eru til þess að geta túlkað og skapað tónlist á áræðinn og persónulegan hátt. Smám saman nái nemendur að styrkjast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum og fái svigrúm til stærri sjálfstæðra verkefna þar sem þeir geta farið eigin leiðir í listsköpun sinni.

Stefna MÍT í einstökum málefnum

Forvarnir og heilsusamlegir lífshættir

Markmið Menntaskóla í tónlist er að efla alhliða forvarnir og heilsuvernd. Í því felst m.a.

- að auka meðvitund nemenda um mikilvægi góðarar líkamlegrar og andlegrar heilsu, m.a í ljósi þess fags sem þeir hafa valið sér
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum og traustri sjálfsmynd nemenda
- að bæta almenna heilsuefingu ungs fólks með góðu og fjölbreyttu úrvali hreyfingaráfanga
- að vinna gegn notkun á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum.
- að nemendur viti hvert og til hverra þeir geti leitað stuðnings og hjálpar innan skólans og utan ef þeir lenda í áföllum og erfiðleikum
- að veita nemendum stuðning og aðhald
- að stuðla að samvinnu við þá aðila sem vinna að forvörnum í sveitarfélaginu að efla félagsstarf innan skólans í samstarfi við nemendafélag skólans
- fræða starfsmenn og nemendur um réttindi þeirra í málum tengdum kynferðislegri áreitni eða hvers kyns öðru ofbeldi
- að sporna gegn einelti innan veggja skólans.

Umhverfismál

Markmið skólans er að efla umhverfisvitund nemenda og kennara og sýna gott fordæmi í málefnum sem varða umhverfismál. Í því felst meðal annars að:

- stuðla að ábyrgri afstöðu til náttúrulegra gæða og auðlindanýtingar,
- glæða skilning á vistkerfum og sjálfbærri þróun,
- skapa tækifæri til útivistar í íslenskri náttúru,
- tengja umhverfismál við sögu og menningu Þjóðarinnar,
- vera til fyrirmyndar og hvetja til góðrar umgengni um náttúru, híbýli og nánasta umhverfi.

Öllu starfsfólki skólans er uppálagt að sýna gott fordæmi og leiðbeina um góða umgengni í skólanum og í ferðum á vegum hans.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á [lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla](#). Jafnréttisáætlunin á annars vegar við um skólann sem vinnustað og hins vegar skólann sem menntastofnun. Skólinn sem vinnustaður tryggir starfsfólki réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. gr. jafnréttislaga og sem menntastofnun uppfyllir hann 22. og 23. gr. laganna gagnvart nemendum sínum.

Menntaskóli í tónlist leggur áherslu á að skapa öllu starfsfólki og nemendum umhverfi þar sem samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu og fólki er ekki mismunað á grundvelli kyneinkenna, kynvitundar, kyntjningar, kynhneigðar, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs eða annarra þátta. Við ákvarðanatöku og stefnumótun í skólanum skal ávallt gætt að jafnréttissjónarmiðum og athugað hvaða áhrif ákvörðun hefur á mismunandi hópa svo sem konur, karla og þau sem ekki falla að kynjatvíhyggjunni, t.d. kynsegin fólk. Í skólanum skal unnið

gegn hefðbundnum kynjaímyndum sem og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni er ekki liðin.

Jafnréttisáætlunin er unnin í samráði við Menntaskólann við Hamrahlíð. Í henni eru markmið skólans í jafnréttismálum skilgreind, tilgreint hvernig unnið skal að þeim og hver ber ábyrgð á aðgerðum. Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á þriggja ára fresti og nýjasta útgáfan birt á heimasíðu skólans.

Launajafnrétti

Starfsfólki, óháð kyni, skal greiða jöfn laun og allir skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Sama gildir um hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort sem hún felur í sér hlunnindagreiðslur eða er greidd með öðrum hætti. Einnig skal allt starfsfólk njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun mega ekki fela í sér kynjamismunun.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Laus störf við Menntaskóla í tónlist skulu standa opin fólki af öllum kynjum. Leggja skal metnað í að jafnvægi sé í kynjahlutfalli kennara. Stjórnendur skulu tryggja að starfsfólk óháð kyni njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Menntaskóli í tónlist leitast við að skapa fjölskylduvænt vinnuumhverfi enda hefur verið sýnt fram á að slíkt leiði til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu. Stjórnendur skulu gera starfsfólki óháð kyni kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Bæði þarf að taka tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólans. Starfsfólki skal auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna, s.s veikinda barna eða annarra fjölskyldumeðlima.

Áhersla er lögð á að karlar þurfa rétt eins og konur að nýta rétt sinn til töku fæðingarorlofs og að vera heima hjá veiku barni. Ekki er litið á það sem mismunun að tekið sé tillit til starfsfólks vegna þungunar og barnsburðar. Gæta þarf sérstaklega að stöðu transfólks, það skal fá svigrúm til jafns við aðra til að sinna fjölskylduábyrgð óháð fyrirfram gefnum hugmyndum um kynhlutverk þeirra.

Virðing í samskiptum og öruggt skólasamfélag

Allt starfsfólk og allir nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þau af virðingu. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum og skal gera öllum sem tilheyra skólasamfélaginu það ljóst. Skólinn skal leita allra leiða til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, til dæmis vegna kyneinkenna, kynvitundar, kyntjáningar eða kynhneigðar.

Ef kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni hefur átt sér stað skal unnið eftir áætlun skólans um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Í áætluninni þarf að vera skýrt hvert skal leita með mál sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni, einnig ef yfirmaður eða kennari á í hlut. Ef stjórnandi eða kennari er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði eða námsumhverfi kæranda.

Menntun og skólastarf

Menntaskóli í tónlist skal flétta jafnréttisáherslur saman við menntun og skólastarf ásamt því að veita jafnt nemendum og kennurum sérstaka jafnréttisfræðslu.

Kennarar skulu fá jafnréttisfræðslu sem styður við jafnrétti í störfum þeirra, þ.m.t. viðmót þeirra til nemenda og val á kennslu- og námsefni. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Kennarar, stjórnendur, stoðþjónustan og annað starfsfólk skólans skal haga störfum sínu þannig að þau stuðli markvisst að fordómalausum umhverfi fyrir alla nemendur. Í kennslu- og námsefnisvali skal draga fram fjölbreytileika mannlífsins og vinna gegn sögulegum kynjahalla í námsefni. Viðmót gagnvart nemendum skal vera meðvitað, t.d. þarf að varast að gera ráð fyrir ákveðinni kynhneigð eða kynvitund nemenda. Starfsfólk skólans þarf sömuleiðis að vera meðvitað í samskiptum við foreldra og gæta þess að útiloka ekki annað foreldrið á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á alla forráðamenn sem jafngilda í foreldrasamstarfinu.

Brýnt er að vinna gegn staðalímyndum tvíhyggjunnar um rótgróin hlutverk og eðli kvenna og karla. Í starfi skólans skal lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi, og vinna skal gegn fyrirframgefnum viðhorfum um náms- og starfsval út frá kyni. Af þessu leiðir að nemendur, óháð kyni, skulu hljóta fræðslu og ráðgjöf um sömu störf í allri náms- og starfsfræðslu.

Þá skal jafnréttisfræðsla fléttast inn í lífsleiknikennslu nýnema. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika, skyldur og réttindi allra nemenda.

Félagsstarf nemenda

Nemendafélag Menntaskóla í tónlist sem og önnur félög nemenda skulu fá stuðning frá skólastjórnendum og fulltrúum kennara til að stuðla að jafnrétti í félagslífi nemenda. Gæta skal að því sérstaklega að fjölbreyttur nemendahópur komi fram fyrir hönd skólans, þ.m.t. nemendur af öllum kynjum.

Eftirfylgni

Skólastjórnendur fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans. Árangur aðgerðaáætlunar skal yfirfarinn árlega og þriðja hvert ár skal áætlunin endurskoðuð. Þá skal meta stöðu aðgerða og birta niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu á vef skólans. Niðurstöður eru einnig kynntar á starfsmannafundi ef ástæða

Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi í MÍT

Í Menntaskóla í tónlist er einelti, kynferðisleg áreitni og ofbeldi ekki liðið. Ef grunur vaknar um brot á meðal nemenda eða starfsmanna skal strax tekið á málum.

Skilgreining

Samkvæmt reglugerð mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004 og reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 1009/2015 er einelti skilgreint sem ámælisverð eða síendurtekin athöfn eða hegðun sem niðurlægir, gerir lítið úr, móðgar,

særir, mismunar eða ógnar og veldur vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.

Birtingarmyndir:

- Félagslegt einelti t.d. útilokun og baktal.
- Andlegt einelti t.d. hótanir, stríðni og niðrandi athugasemdir, skriflegar og/eða munnlegar. Móðgandi símtöl, lítilsvirðandi texti í tölvupósti eða öðrum skriflegum sendingum.
- Líkamlegt einelti t.d. líkamsmeiðingar og annað ofbeldi.
- Kynferðislegt einelti t.d. kynferðisleg áreitni, bæði líkamleg og andleg. Efnislegt einelti t.d. skemmdir á eignum svo sem fatnaði.
- Rafrænt einelti t.d. á spjallsíðum og í spjallforritum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir og forvarnir:

- Í skólanum er lögð áhersla á heilbrigðan lífsstíl þar sem einelti á ekki að þrífast.
- Starfsfólk og nemendur vita að einelti er ekki liðið í skólanum og þekkja eineltisáætlunina sem er aðgengileg öllum á heimasíðu skólans.
- Samstarf er við foreldraráð og forvarnarfulltrúa skólans.
- Stjórnendur bera ekki aðeins ábyrgð á störfum starfsfólks heldur einnig á því að grundvallarreglur samskipta í skólanum séu virtar.

Ef grunur er um einelti, kynferðislega áreitni eða ofbeldi skal sá sem fær vitneskju um málið hafa samband við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Allar ábendingar eru kannaðar til hlítar og unnið með þær sem trúnaðarmál.

Viðurlög

Viðurlög við broti eru samkvæmt reglum um ríkisstarfsmenn. Gerandi eineltis verður látinn axla ábyrgð og getur fengið áminningu, verið fluttur til í áfanga/starfi eða verið vikið úr skóla/sagt upp.

Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 er kveðið á um að hver skóli skuli gera áætlun um móttöku nemenda af erlendum uppruna. Áætlun þessi gildir einnig um íslenska nemendur sem hafa búið lengi erlendis.

Móttökuvíðtal

Að hausti er öllum nemendum af erlendum uppruna og foreldrum/forráðamönnum þeirra boðið í móttökuvíðtal. Í móttökuvíðtalinu er farið yfir bakgrunn nemandans, styrkleika og veikleika hans og hvaða aðferðir og leiðir hafa virkað vel fyrir hann í námi hingað til. Farið er yfir möguleika í íslenskunámi í M.H. en þar er boðið uppá sérstaka íslenskuáfanga fyrir þá sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Nemandi og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um skólasóknarreglur, aðalkennara nemandans

(aðalkennari hittur ef hægt er), félagslíf nemenda og annað sem getur gagnast nemanda og foreldrum/forráðamönnum.

Námið og skólinn

Allir nemendur hafa aðgang að námsráðgjöf hjá aðstoðarskólalastjórum MÍT eða hjá námsráðgjöfum M.H. Reynt er eftir fremsta megni að útvega mentor fyrir þá nemendur sem á því þurfa að halda.

Stöðumat

Um miðbik haustanna og á annarskilum skal athuga gengi nemenda með annað móðumál en íslensku varðandi námslega stöðu, almenna líðan og félagslega aðlögun í skólanum. Ef þurfa þykir eru nemandi og foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund og farið yfir möguleg úrræði.

Foreldrar/forráðamenn geta auk þess alltaf haft samband við aðalkennara nemandans, skólameistara eða aðstoðarskólameistara og óskað eftir frekari viðtölum og stuðningi.

Rýmingaráætlun Menntaskóla í tónlist

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun. Athugið að brunakerfið er tengt slökkvistöð. Hlutverk kennara og annarra starfsmanna við eldsvoða eða aðra vá:

1. Ef viðvörðunarbjóllur fara í gang aðstoða kennarar og annað starfsfólk strax við rýmingu.
2. Kennari vísar nemendum úr stofu á næstu opnu útgönguleið. Kennari þarf að kanna hvaða leið er fær. Ef reykur er á flóttaleið skal velja næstu flóttaleið. Ekki má nota lyftur. Gólf og veggir geta verið brotin eftir jarðskjálfta.
3. Kennari leiðir hópinn niður á bílastæði og tekur með sér nemendalista. Síðasti nemandi út úr stofu er beðinn um að loka á eftir sér.
4. Starfsmenn kanna hvort einhver þurfi hjálp á leið út, t.d. ef viðkomandi er t.d. í hjólastól eða með hækjur.
6. Kennarar hjálpast að við að tryggja að útgönguleiðir teppist ekki.
7. Kennari fer yfir mætingalista og athugar hvort allir hafi skilað sér á réttan stað á lóðinni. Ef einhvern/einhverja vantar þarf að láta skólameistara eða aðstoðarskólameistara vita. Einnig yfirmann slökkviliðs eða annarra viðbragðsaðila.
8. Skólameistari eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um stöðu mála hjá kennurum. Ef einhvern vantar þarf að fá upplýsingar um hvar viðkomandi sást síðast innanskólans.
9. Slökkviliðið kemur á staðinn og stýrir aðgerðum.
10. Ef veður er vont skal fara með nemendur í húsaskjól eftir að skólameistari eða aðstoðarskólameistari og yfirmaður slökkviliðs hafa fengið vitneskju um alla nemendur. veitingastaðir í nágrenninu.

Starfsmenn kynni sér eftirfarandi:

1. Tvær flóttaleiðir eða fleiri í hverju húsi.
2. Söfnunarsvæði.
3. Staðsetningu og notkun brunaboða.
4. Annan neyðarbrúnað sem er til staðar, t.d. sjúkrakassa.

Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fleira

Þegar ógnanir á borð við náttúruvá, smitsjúkdóma, efnaslys eða annað af því tagi steðjar fylgir menntaskóli í tónlist viðbragðsáætlun sem unnin var af vinnuhópi innan skólameistarfélags Íslands í febrúar árið 2020. Viðbragðsáætlunin er birt á heimasíðu skólans.

Áfallaáætlun

Áfall test m.a. slys, tjón, mótlæti, þungbær reynsla eða sjúkdómur. Dauðsföll og slys gera ekki boð á undan sér og því er fólk misvel í stakk búið að taka á áföllum og vinna úr þeim. Oft kemur það í hlut kennara að tilkynna nemendum og samstarfsfólki um slíka hluti og því er gott að hafa einhvern ramma til að styðjast við þegar slíkt ber að höndum.

Áfallaráð

Áfallaráð fer með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta nemendur og starfsmenn skólans. Í meginatriðum er hlutverk áfallaráðs að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða, þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk. Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á áætluninni og að kennarar fái stuðning og hjálp.

Í kynningu með foreldrum/forráðamönnum nýnema að hausti eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að láta ávallt vita ef breyting verður á aðstæðum nemenda vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Í áfallaráði sitja:

- Skólameistari
- Aðstoðarskólameistarar
- Ritari

Skólameistari er formaður ráðsins og kallar það saman þegar þörf krefur.

Fyrstu viðbrögð

Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða slys, kemur boðum til skólameistara sem kallar áfallaráð saman.

Fyrsti fundur áfallaráðs ætti að vera stuttur. Staðreyndir málsins kynntar, verkum skipt og fyrstu aðgerðir skólans ákveðnar. Óvissa um það sem gerst hefur eykur á ööryggið og streituna. Það er afar mikilvægt að upplýsingastreymi til og frá skólanum sé gott.

Skólameistari kallar starfsmenn skólans saman. Starfsmönnum er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggt taka á málum.

Nemendum skólans sagt frá atburðinum í skólastofum eftir því sem hægt er en annars í tölvupósti. Æskilegt er að leyfa nemendum að ræða um atburðinn og líðan sína.

Skólameistari hefur samband og samráð við aðstandendur varðandi aðgerðir skólans. Sé um dauðsfall að ræða setur ritari fram dúkað borð og kveikir á kerti.

Í lok skóladagsins koma starfsmenn skólans saman með áfallaráði. Farið er yfir nöfn þeirra sem tengjast atburðinum s.s. ættingja og vini. Aðgerðir næstu daga ræddar.

Samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólameistara eða aðstoðarskólameistara.

Alvarleg slys/dauðsfall í skóla

Sá starfsmaður, sem kemur fyrstur að slysi/dauðsfalli í skóla, hringir í 112 og síðan í skólameistara og tilkynnir um slysið/dauðsfallið. Starfsmaðurinn reynir að halda nemendum frá vettvangi og veitir þá aðstoð sem þörf er á. Mikilvægt er að hafa stjórnina á vettvangi og að enginn yfirgefi vettvang í uppnámi.

Skólameistari leitar staðfestingar á að hringt hafi verið á sjúkrabíl og lögreglu eða vinnueftirlit eftir atvikum.

Skólameistari biður viðkomandi starfsmann að skrá niður vitni að slysinu/dauðsfallinu.

Skólameistari lætur starfsfólk vita. Aðrar aðgerðir sbr. lið fjögur í kaflanum um fyrstu viðbrögð.

Við slys skal starfsmaður frá skólanum fylgja þeim slasaða á sjúkrahúsið og vera þar með honum þar til foreldrar/forráðamenn/aðstandendur koma á staðinn.

Eigi andlát sér stað í skólanum þarf að kalla til lögreglu og prest sem sjá um að aðstandendur fái réttar upplýsingar um málið.

Andlát starfsmanns

Samstarfsmönnum strax tilkynnt um látið.

Nemendum tilkynnt um andlátið í tímum eftir því sem hægt er. Annars í tölvupósti.

Samband er haft við aðstandendur, til dæmis með heimsókn og/eða blómasendingu.

Fulltrúar skólans bjóði aðstoð við útfararundirbúning og útför.

Samstarfsmenn sjái til þess að minningargrein eða kveðja birtist í blaði.

Kennsla felld niður útfarardag samkvæmt nánari ákvörðun.

Andlát/alvarlegt slys nákomins ættingja nemenda (foreldris/systkinis eða annarra nátengdra ættingja)

Skólameistari tilkynnir starfsmönnum um atburðinn.

Skólastjórnendur hafi samband við hlutaðeigandi nemendur og kanni líðan þeirra og undirbúi komu þeirra í skólann (sjá næsta kafla).

Ef atburðurinn verður á skólatíma og nemendur tengdir honum eru í skólanum skal sækja þá úr tíma, þeim tilkynnt um atburðinn og hlúð að þeim eins og hægt er. Þar sem mismunandi er hvernig fólk tekur áföllum þarf skólinn að vera undir það búinn að bjóða fram þá aðstoð sem nauðsynleg er til að nemendur fari ekki út úr skólanum í þannig ástandi að þeir geti orðið sjálfum sér og öðrum til skaða.

Kannaður verði vilji viðkomandi nemenda til frekari viðbragða og óskir þeirra virtar.

Hjálp þarf einstaklingi sem orðið hefur fyrir áfalli til að koma aftur í skólann

Gott er að fulltrúi skólans hafi samband við nemanda og semji um heppilegan dag til að koma aftur í skólann og hvernig byrjunin verður.

Skipuleggja þarf endurkomuna. Hvað á að segja við þann sem kemur? Sá sem kemur vill vita hvað hefur verið sagt í skólanum.

Athuga að það að koma aftur til skóla eða vinnu er ekki eingöngu að vinna upp verkefni heldur líka að hitta vinina og koma skipulagi á líf sitt.

Gera ráð fyrir sveigjanleika í kennslu.

Hvetja aðra nemendur og starfsfólk til að sýna umhyggju og stuðning.

Áframhaldandi stuðningur eftir áfallið.

Venjubundið skólastarf sefar óttann og kvíðann sem fylgir áföllum. Mikilvægt er að starfsmenn skólans séu eins eðlilegir og hlýlegir og þeim er unnt. Tillitssemi og virðing felst m.a. í því að staldra ekki of lengi við áföllin heldur halda áfram lífsgöngunni þó sorgin sé til staðar.

Hlúð að nemendum. Nemendum gefinn kostur á að vinna með tilfinningar sínar. Boðið upp á einstaklingsviðtöl. Nauðsynlegt getur reynst að fá utanaðkomandi aðstoð til að álag verði ekki of mikið á starfsfólk skólans, t.d. sálfræðing, prest, áfallateymi við heilsugæslustöðvar o.s.frv.

Hafi nemandi eða starfsmaður látist, er hins látna minnst með sameiginlegri athöfn í umsjá prests. Ritari sér um að minningabók liggja frammi sem og mynd af viðkomandi.

Votta samúð. Hafa samband við fjölskyldur sem hafa orðið fyrir missi og votta samúð. Minningargreinar, kransar og blóm frá skólanum.

Haldið áfram næstu vikur og mánuði að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans. Gefa skal gaum að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna skólans. Boðið verður upp á hópviðtöl eða

einstaklingsviðtöl ef þörf er á undir stjórn til þess hæfra einstaklinga. Áfallaráð metur hvort þörf sé á viðtölum.

Námsbrautalýsingar

Hér verður farið yfir þær námsbrautir sem skólinn býður upp á. Kjarni tónlistargreina á stúdentsbrautum og almennu tónlistarbrautunum er sá hinn sami en munurinn er sá að við brautir til stúdentsprófs er lokamarkmið námsins stúdentspróf en við almennu tónlistarbrautirnar er lokamarkmið námsins burtfararpróf, það er lokapróf á 3. hæfniprepi. Nemendur geta valið sér brautir með sérhæfingu í klassískri tónlist, jazztónlist eða popptónlist

Brautir til stúdentsprófs

Tónlistarbraut-klassísk (Stúdent)

Lýsing

Með námi á klassískri tónlistarbraut til stúdentsprófs er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er brautin áhugaverður valkostur fyrir nemendur sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Þar eiga nemendur þess kost að ljúka stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar tónlistar. Brautarkjarni tónlistargreina miðast við þær greinar sem þarf að ljúka til að útskrifast með fullgilt framhaldspróf í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist en valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Þannig geta nemendur undirbúið sig fyrir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Almennar bóknámsgreinar aðrar en þær sem snúa að tónlist eru kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, en jafnframt er nemendum gefinn kostur á að fá almennar bóknámsgreinar metnar úr öðrum framhaldsskólum. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og þar fá þeir þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili í stærri og minni hópum. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur fái haldgóða kennslu í bóklegum greinum tónlistar. Náminu er ætlað að veita góðan undirbúning fyrir háskólanám í tónlist og störf tónlistarmanna.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fyrir nám við brautina er að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með fullnægjandi árangri. Nemandi þarf að hafa lokið grunnskóla með B eða hærra í kjarnagreinum (eða áfanga á fyrsta hæfniprepi) til þess að geta hafið nám á öðru hæfniprepi. Jafnframt fer fram inntökupróf þar sem lagt er mat á hæfni umsækjanda í hljóðfæraleik/söng og tónfræðigreinum út frá faglegum forsendum. Miðað er við að nemendur hafi lokið miðprófi í hljóðfæraleik, grunnprófi í söng eða sambærilegu tónlistarnámi.

Skipulag

Námið er skipulagt sem þriggja til fjögurra ára nám til stúdentsprófs með tónlist sem aðalnámsgrein. Nám á brautinni er að lágmarki 200 einingar, þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja prepi. Miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 200 einingum á þremur árum. Á brautinni er megináhersla á klassíska tónlist en nemendur geta einnig sótt námskeið á ólíkum tónlistarsviðum. Valnámskeið á

brautinni gefa nemendum færi á að aðlaga námið að sínum þörfum og áhugasviðum, til að mynda að búa sig undir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Nemendur velja sér aðalnámsgrein, svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði tónlistar.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat skal tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Kveðið er á um námsmat hvers áfanga fyrir sig í áfangalýsingum. Nemendur taka hljóðfæra-/söngpróf á haust- og vorönn og fá einkunn fyrir iðni og umsögn kennara á hverri önn.

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 200 einingar og miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 33 einingum á önn og taki því að meðaltali 66 einingar á ári. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærri lágmarkseinkunn til þess að geta tekið framhaldsáfanga.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að:

- Takast á við háskólanám á sviði tónlistar.
- Eiga góða möguleika á að standast inntökupróf við tónlistarháskóla hér heima og erlendis.
- Halda opinbera tónleika.
- Koma fram á tónleikum bæði í hljómsveit og í einleikshlutverki.
- Nýta sér menntun sína og þekkingu á fræðigreinum tónlistar.
- Miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- Sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning.
- Fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.
- Vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- Taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- Greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

Fjöldi framhaldsskólaeininga til þess að útskrifast af brautinni er að lágmarki 200.

Kjarni

Skylduáfangar brautarinnar:

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein.
Danska		Danska 1			5
Enska		Enska 1 Enska 2	Enska 3		15
Hljómfræði		Hljómfr. 1.1 Hljómfr. 1.2	Hljómfr. 2.1 Hljómfr. 2.2		12
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Íslenska		Íslenska 1 Íslenska 2	Íslenska 3 Íslenska 4		20
Kammertónlist		Kammert. 1.1 Kammert. 1.2			6
Lífsleikni	Lífsleikni 1.1 Lífsleikni 1.2				6
Stúdentsprófs- tónleikar			Stúdentsprófs- tónleikar 1.1		10
Stærðfræði		Grunnáfangi Stærðfræði 2			10
Tónlistarsaga	Tónlistars. 1.1 Tónlistars. 1.2 Tónlistars. 2.1 Tónlistars. 2.2				12
Tónheyrn		Tónheyrn 1.1 Tónheyrn 1.2	Tónheyrn 2.1 Tónheyrn 2.2		12
Fein.	22	53	37		112

Bundið pakkaval

Hljóðfæri (önnur en píanó)

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Kammertónlist			Kammert. 2.1 Kammert. 2.2		6
Hljóðfæraleikur		Hljóðfæral.1.1 Hljóðfæral.1.2	Hljóðfæral.2.1 Hljóðfæral.2.2 Hljóðfæral.3.1 Hljóðfæral.3.2		30
Hljómsveit		Hljómsveit 1.1 Hljómsveit 1.2	Hljómsveit 2.1 Hljómsveit 2.2		12
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Fein		20	40		60

Píanó

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Kammertónlist			Kammert. 2.1 Kammert. 2.2		6
Hljóðfæraleikur		Hljóðfæral.1.1 Hljóðfæral.1.2	Hljóðfæral.2.1 Hljóðfæral.2.2 Hljóðfæral.3.1 Hljóðfæral.3.2		30
Píanóhóptími		Píanóhópt. 1.1 Píanóhópt. 1.2 Píanóhópt. 2.1 Píanóhópt. 2.2			12
Fein		22	26		48

Söngur

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Samsöngur		Sams. 1.1 Sams. 1.2	Sams. 2.1 Sams. 2.2		8
Söngur		Söngur 1.1 Söngur 1.2	Söngur 2.1 Söngur 2.2 Söngur 3.1 Söngur 3.2		30
Ópera			Ópera 1.1 Ópera 1.2		6
		18	38		56

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1

Bundið pakkaval

3. mál Þýska

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Þýska	Þýska 1 Þýska 2 Þýska 3				15
	15				15

3. mál Ítalska

Námsgrein	Prep1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Ítalska	Ítalska 1 Ítalska 2 Ítalska 3				15
	15				15

3.mál Franska

Námsgrein	Prep1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Franska	Franska 1 Franska 2 Franska 3				15
	15				15

3. mál Spænska

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Spænska	Spænska 1 Spænska 2 Spænska 3				15
	15				15

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 4

Frjálst val

Hljóðfæranemendur (önnur hljóðfæri en píanó) taka að lágmarki 13 valeiningar, píanónemendur taka að lágmarki 25 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 17 valeiningar úr öðrum áföngum

skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist. Við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann.

Í frjálsum vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagð námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.

Tónlistarbraut-rytmísk (stúdent)

Lýsing

Með námi á rytmískri tónlistarbraut til stúdentsprófs er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er brautin áhugaverður valkostur fyrir nemendur sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Þar eiga nemendur þess kost að ljúka stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar tónlistar. Brautakjarni tónlistargreina miðast við þær greinar sem þarf að ljúka til að útskrifast með fullgilt framhaldspróf í rytmískri tónlist samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskólanna. Á brautinni er lögð áhersla á rytmíska tónlist en valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Þannig geta nemendur undirbúið sig fyrir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Almennar bóknámsgreinar aðrar en þær sem snúa að tónlist eru kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, en jafnframt er nemendum gefinn kostur á að fá almennar bóknámsgreinar metnar úr öðrum framhaldsskólum. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og þar fá þeir þjálfun í fjölbreyttu samspili í stærri og minni hópum. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur fái haldgóða kennslu í bóklegum greinum tónlistar. Náminu er ætlað að veita góðan undirbúning fyrir háskólanám í tónlist og störf tónlistarmanna.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fyrir nám við brautina er að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi með fullnægjandi árangri. Nemandi þarf að hafa lokið grunnskóla með B eða hærra í kjarnagreinum (eða áfanga á fyrsta hæfniprepi) til þess að geta hafið nám á öðru hæfniprepi. Jafnframt fer fram inntökupróf þar sem lagt er mat á hæfni umsækjanda í hljóðfæraleik/söng og tónfræðigreinum út frá faglegum forsendum. Miðað er við að nemendur hafi lokið miðprófi í hljóðfæraleik, grunnprófi í söng eða sambærilegu tónlistarnámi.

Skipulag

Námið er skipulagt sem þriggja til fjögurra ára nám til stúdentsprófs með tónlist sem aðalnámsgrein. Nám á brautinni er að lágmarki 200 einingar, þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 200 einingum á þremur árum. Á brautinni er lögð megináhersla á rytmíska tónlist en nemendur geta sótt námskeið á ólíkum tónlistarsviðum. Valnámskeið á brautinni gefa nemendum færi á að aðlaga námið að sínum þörfum og áhugasviðum, til að mynda að búa sig undir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Nemendur velja sér aðalnámsgrein, svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði tónlistar.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat skal tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Kveðið er á um námsmat hvers áfanga fyrir sig í áfangalýsingum

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 200 einingar og miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 33 einingum á önn og taki því að meðaltali 66 einingar á ári. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærri lágmarkseinkunn til þess að geta tekið framhaldsáfanga.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- Takast á við háskólanám á sviði tónlistar.
- Eiga góða möguleika á að standast inntökupróf við tónlistarháskóla hér heima og erlendis.
- Halda opinbera tónleika.
- Koma fram á tónleikum bæði í hljómsveit og í einleikshlutverki.
- Nýta sér menntun sína og þekkingu á fræðigreinum tónlistar.
- Miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- Sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning.
- Fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.
- Vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- Taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- Greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

Lágmarkseiningafjöldi til að útskrifast af brautinni er 200.

Kjarni

Námgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Danska		Danska 1			5
Enska		Enska 1 Enska 2	Enska 3		15
Hljóðfæraleikur/ söngur		Hlj/söng 1.1 Hlj/söng 1.2	Hlj/söng 2.1 Hlj/söng 2.2 Hlj/söng 3.1 Hlj/söng 3.2		30
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Íslenska		Íslenska 1 Íslenska 2	Íslenska 3 Íslenska 4		20
Jazzsaga	Jazzsaga 1.1 Jazzsaga 1.2				6
Lífsleikni	Lífsleikni 1.1 Lífsleikni 1.2				6
Rokksaga	Rokksaga 1.1 Rokksaga 1.2				6
Rytmísk hljómfræði		R. hljómfr. 1.1 R. hljómfr. 1.2	R. hljómfr. 2.1 R. hljómfr. 2.2		12
Rytmísk tónheyrn	R. tónhey. 1.1 R. tónhey. 1.2	R. tónhey. 2.1 R. tónhey. 2.2			12
Stúdentsprófs- tónleikar			Stúdentsprófs- tónleikar 1.1		10
Stærðfræði		Grunnáfangi Stærðfræði 2			10
Fein	28	57	51		136

Bundið pakkaval

Hljóðfæraleikur

Námssgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Samspil		Samspil 1.1 Samspil 1.2	Samspil 2.1 Samspil 2.2		12
Fein		6	6		12

Söngur

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Söngvinnubúðir		Söngvinn. 1.1 Söngvinn. 1.2			4
Uppfærsla		Uppfærsla 1.1 Uppfærsla 1.2			6
Fein		14	8		22

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 2

Bundið pakkaval

3. mál Þýska

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Þýska	Þýska 1 Þýska 2 Þýska 3				15
	15				15

3. mál Ítalska

Námsgrein	Þrep1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Ítalska	Ítalska 1 Ítalska 2 Ítalska 3				15
	15				15

3.mál Franska

Námsgrein	Þrep1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Franska	Franska 1 Franska 2 Franska 3				15
	15				15

3.mál Spænska

Námsgrein	Prep1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Spænska	Spænska 1				15
	Spænska 2				
	Spænska 3				
	15				15

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 4

Frjálst val

Hljóðfæranemendur taka að lágmarki 37 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 27 valeiningar úr öðrum áföngum skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist. Við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann. Í frjálstu vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagð námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.

Rytmísk tónlistarbraut- popplína (stúdent)

Lýsing

Með námi á poppbraut til stúdentsprófs er lagður grunnur að margvíslegum störfum á sviði popptónlistar; sköpun, flutningi, tæknivinnu og hljóðfæraleik í þeim hlutföllum sem hverjum nemanda hentar. Einnig býr námið þá nemendur sem það kjósa undir háskólanám á einhverjum þessara sviða. Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin en auk þess velur nemandi sér á lokaári leiðbeinanda lokaverkefni og vinnur með honum að mótun eigin tónlistar. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámskeið á ólíkum sviðum tónlistar, þ.m.t. klassískrar tónlistar og jazz. Almennar bóknámsgreinar aðrar en þær sem snúa að tónlist eru kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, en jafnframt er nemendum gefinn kostur á að fá almennar bóknámsgreinar metnar úr öðrum framhaldsskólum. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og þar fá þeir þjálfun í fjölbreyttu samspili í stærri og minni hópum.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fyrir nám við brautina eru að umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi, hafi grunnfærni í hljóðfæraleik og/eða söng og sé byrjaður að fást við sköpun tónlistar með einhverjum hætti. Nemandi þarf að hafa lokið grunnskóla með B eða hærra í kjarnagreinum (eða áfanga á fyrsta hæfniprepi) til þess að geta hafið nám á öðru hæfniprepi. Jafnframt fer fram viðtal og inntökupróf þar sem lagt er mat á hæfni umsækjanda. Nemandi þarf að sýna fram á vilja og hæfni til að skapa tónlist, auk grunnfærni í hljóðfæraleik og/eða söng.

Skipulag

Námið er skipulagt sem þriggja til fjögurra ára nám til stúdentsprófs með tónlist sem aðalnámsgrein. Nám á brautinni er að lágmarki 200 einingar, þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja prepi. Miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 200 einingum á þremur árum. Á brautinni er lögð megináhersla á frumsköpun á víðu sviði rytmískar tónlistar með áherslu á persónulega tjáningu í gegnum tónsmíðar, hljóðfæraleik og góð tók á tækniheimi tónlistarinnar. Nemendur geta sótt námskeið á ólíkum tónlistarsviðum. Valnámskeið á brautinni gefa nemendum færi á að aðlaga námið að sínum þörfum og áhugasviðum, annað hvort til að hefja störf á fjölbreytilegum akri tónlistarinnar eða til að búa sig undir framhaldsnám.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat skal tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Kveðið er á um námsmat hvers áfanga fyrir sig í áfangalýsingum.

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 200 einingar og miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 33 einingum á önn og taki því að meðaltali 66 einingar á ári. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærri lágmarkseinkunn til þess að geta tekið framhaldsáfanga.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að:

- geta starfað sem popptónlistarmaður á víðum grundvelli.
- geta skapað og flutt eigin tónlist.
- geta flutt tónlist annarra.
- nýta sér ólíkar tæknihliðar tónlistarinnar, hvort heldur er við flutning, sköpun eða upptökur.
- kynna og markaðssetja eigin tónlist.
- takast á við háskólanám á sviði popptónlistar.
- eiga góða möguleika á að standast inntökupróf við tónlistarháskóla hér heima og erlendis á sviði popptónlistar.
- halda opinbera tónleika.
- koma fram á tónleikum, hvort heldur er einn eða með öðrum.
- nýta sér menntun sína og þekkingu í fræðigreinum tónlistar.
- miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning og tónlistarsköpun.
- fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt.
- vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

200 fein.

Kjarni

Námgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Danska		Danska 1			5
Enska		Enska 1 Enska 2	Enska 3		15
Hljóðfæraleikur/ söngur		Hlj/söng 1.1 Hlj/söng 1.2	Hlj/söng 2.1 Hlj/söng 2.2 Hlj/söng 3.1 Hlj/söng 3.2		30
Hljóðtækni		Hjóðt. 1.1 Hljóðt. 1.2			6
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Íslenska		Íslenska 1 Íslenska 2	Íslenska 3 Íslenska 4		20
Lagasmíðar		Lagasmíðar 1.1 Lagasmíðar 1.2			6
Lífsleikni	Lífsleikni 1.1 Lífsleikni 1.2				6
Lokaverkefni			Lokaverkefni		10
Raftónlist		Raftónlist 1.1 Raftónlist 1.2			6
Rokksaga	Rokksaga 1.1 Rokksaga 1.2				6
Rytmísk hljómfræði		R. hljómfr. 1.1 R. hljómfr. 1.2			6
Rytmísk tónheyrn	R. tónh. 1.1 R. tónh. 1.2				6
Stærðfræði		Grunnáfangi Stærðfræði 2			10
Upptökustjórn			Upptökustj.1.1 Upptökustj.1.2		6
Verkefnastjórnun		Verkefnastj.1.1 Verkefnastj.1.2			6
Fein	22	75	51		148

Bundið pakkaval

Hljóðfæraleikur

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Samspil		Samspil 1.1 Samspil 1.2	Samspil 2.1 Samspil 2.2		12
Fein		6	6		12

Söngur

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Söngvinnubúðir		Söngvinn. 1.1 Söngvinn. 1.2			4
Uppfærsla		Uppfærsla 1.1 Uppfærsla 1.2			6
Fein		14	8		22

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 2

Bundið pakkaval

3. mál Þýska

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Þýska	Þýska 1 Þýska 2 Þýska 3				15
	15				15

3. mál Ítalska

Námsgrein	Þrep1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Ítalska	Ítalska 1 Ítalska 2 Ítalska 3				15
	15				15

3.mál Franska

Námsgrein	Prep1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Franska	Franska 1				15
	Franska 2				
	Franska 3				
	15				15

3.mál Spænska

Námsgrein	Prep1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Spænska	Spænska 1				15
	Spænska 2				
	Spænska 3				
	15				15

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 4

Frjálst val

Hljóðfæranemendur taka að lágmarki 25 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 15 valeiningar úr öðrum áföngum skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist. Við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann.

Í frjálstu vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagð námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.

Almennar brautir (námslok á þriðja hæfniprepi)

Með námi almennum brautum skólans er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar sem veitir nemendum trausta grunnmenntun á sviði tónlistar, bæði fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist og sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Brautin hentar þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi.

Á almennu tónlistarbrautunum eru kenndar sömu tónlistargreinar og á stúdentsbrautunum en þær inniheldur einungis tónlistargreinar en ekki almennar bóknámsgreinar. Fjöldi valeiningar á brautunum gefur nemendum svigrúm til að móta námið að eigin áhugasviði og framtíðaráformum. Lokapróf er burtfararpróf, sem eru námslok á þriðja hæfniprepi. Lágmarkseiningafjöldi til burtfararprófs nemur 150 framhaldsskólaeiningum.

Almennu tónlistarbrautirnar skiptast í klassíska tónlistarbraut, rytmíska tónlistarbraut og popptónlistarbraut. Boðið er upp á fjölbreytta hljómsveitar- og samspilsáfanga og nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í tónleikum og lifandi tónlistarflutningi sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt er lögð áhersla á að veita nemendum haldgóða kennslu í bóklegum tónlistargreinum. Námið er góður undirbúningur fyrir háskólanám í tónlist og störf tónlistarmanna.

Klassísk tónlistarbraut (námslok á 3. hæfniprepi)

Lýsing

Brautin veitir nemendum trausta grunnmenntun á sviði tónlistar, bæði þeim sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist og sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Brautarkjarni klassískrar tónlistarbrautar samanstendur af þeim námsgreinum sem þarf til þess að ljúka framhaldsprófi í klassískri tónlist. Þriðjungur brautarinnar er í frjálssu vali og gefur það hverjum nemanda tækifæri til þess að aðlaga námið og sérhæfingu þess að sínum áhuga og framtíðarstefnu. Boðið er upp á fjölbreytta hljómsveitar- og samspilsáfanga og nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í tónleikum og lifandi tónlistarflutningi sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt er lögð áhersla á að veita nemendum haldgóða kennslu í bóklegum tónlistargreinum. Að námi loknu hafa nemendur hlotið víðtæka þjálfun í því að koma fram á tónleikum, bæði í einleiks- og samspilshlutverki og hafa haldið sjálfstæða opinbera tónleika. Nemendur sem útskrifast af brautinni eiga að hafa færni til að nýta sér þekkingu sína á fræðigreinum tónlistar, bæði við tónlistarflutning, umfjöllun um tónlist og frekara nám. Nemendur hafa einnig öðlast færni til að sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning og geta fjallað um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.

Inntökuskilyrði

Nemendur þreyta inntökupróf í hljóðfæraleik/söng og fræðigreinum tónlistar þar sem lagt er faglegt mat á hæfni nemenda. Miðað er við að nemendur hafi lokið miðprófi í hljóðfæraleik, grunnprófi í söng eða sambærilegu námi.

Skipulag

Nám á brautinni er að lágmarki 150 eininga nám þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur eða tónsmíðar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum

og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Þannig geta nemendur undirbúið sig fyrir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Nemendur stjórna námshraðanum og geta fengið einingar brautarinnar metnar við aðra framhaldsskóla.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat er tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Umgjörð námsmats er útfærð nánar í skólanámskrá og kveðið er á um námsmat fyrir tiltekna áfanga í kennsluáætlun hverju sinni. Nemendur taka hljóðfæra-/söngpróf á haust- og vorönn og fá einkunnir fyrir iðni og umsögn kennara á hverri önn. Jafnframt taka nemendur próf í bóklegum greinum við lok hvers áfanga.

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 150 einingar. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærra lágmarkseinkunn til þess að taka framhaldsáfanga. Samkvæmt aðalnámskrá er miðað við að nemandi í fullu námi taki 30 einingar á önn.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að:

- Halda opinbera tónleika.
- Koma fram á tónleikum bæði í hljómsveit og í einleikshlutverki.
- Nýta sér menntun sína og þekkingu á fræðigreinum tónlistar.
- Miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- Sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning.
- Fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.
- Vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- Taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- Greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

Fjöldi framhaldsskólaeininga til þess að útskrifast af brautinni: Lágmarksfjöldi til burtfararprófs 150. Nemendur geta einnig útskrifast með framhaldspróf í tónlist samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla. Fullgilt framhaldspróf er 96 framhaldsskólaeiningar.

Kjarni

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Hljómfræði		Hljómfr. 1.1 Hljómfr. 1.2	Hljómfr. 2.1 Hljómfr. 2.2		12
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Kammertónlist		Kammert. 1.1 Kammert. 1.2			6
Tónlistarsaga	Tónlistarsaga1.1 Tónlistarsaga1.2 Tónlistarsaga2.1 Tónlistarsaga2.2				12
Tónheyrn		Tónheyrn 1.1 Tónheyrn 1.2	Tónheyrn 2.1 Tónheyrn 2.2		12
Útskriftar- tónleikar			Útskriftar- tónleikar		10
Fein	16	18	22		56

Bundið pakkaval

Hljóðfæri (önnur en píanó)

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Kammertónlist			Kammert. 2.1 Kammert. 2.2		6
Hljóðfæraleikur		Hljóðfæral.1.1 Hljóðfæral.1.2	Hljóðfæral.2.1 Hljóðfæral.2.2 Hljóðfæral.3.1 Hljóðfæral.3.2		30
Hljómsveit		Hljómsveit 1.1 Hljómsveit 1.2	Hljómsveit 2.1 Hljómsveit 2.2		12
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Fein		20	40		60

Píanó

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Kammertónlist			Kammert. 2.1 Kammert. 2.2		6
Hljóðfæraleikur		Hljóðfæral.1.1 Hljóðfæral.1.2	Hljóðfæral.2.1 Hljóðfæral.2.2 Hljóðfæral.3.1 Hljóðfæral.3.2		30
Píanóhóptími		Píanóhópt. 1.1 Píanóhópt. 1.2 Píanóhópt. 2.1 Píanóhópt. 2.2			12
Fein		22	26		48

Söngur

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Samsöngur		Sams. 1.1 Sams. 1.2	Sams. 2.1 Sams. 2.2		8
Söngur		Söngur 1.1 Söngur 1.2	Söngur 2.1 Söngur 2.2 Söngur 3.1 Söngur 3.2		30
Ópera			Ópera 1.1 Ópera 1.2		6
		18	38		56

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1

Frjálst val

Hljóðfæranemendur (önnur hljóðfæri en píanó) taka að lágmarki 34 valeiningar, píanónemendur taka að lágmarki 46 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 38 valeiningar úr öðrum áföngum skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist. Framboð áfanga við skólann má sjá í áfangalýsingum. Við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann. Einnig er heimilt er að meta að hámarki 30 valeiningar frá öðrum framhaldsskólum.

Í frjálstu vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagað námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.

Rytmísk tónlistarbraut (námslok á 3. hæfniþrepi)

Lýsing

Brautin veitir nemendum trausta grunnmenntun á sviði tónlistar, bæði þeim sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist og sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Brautarkjarni rytmískrar tónlistarbrautar samanstendur af þeim námsgreinum sem þarf til þess að ljúka framhaldsprófi í rytmískri tónlist. Þriðjungur brautarinnar er í frjálsu vali og gefur það hverjum nemanda tækifæri til þess að aðlaga námið og sérhæfingu þess að sínum áhuga og framtíðarstefnu. Boðið er upp á fjölbreytta samspilsáfangu og nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í tónleikum og lifandi tónlistarflutningi sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt er lögð áhersla á að veita nemendum haldgóða kennslu í bóklegum tónlistargreinum. Að námi loknu hafa nemendur hlotið víðtæka þjálfun í því að koma fram á tónleikum, bæði í einleiks- og samspilshlutverki og hafa haldið sjálfstæða opinbera tónleika. Nemendur sem útskrifast af brautinni eiga að hafa færni til að nýta sér þekkingu sína á fræðigreinum tónlistar, bæði við tónlistarflutning, umfjöllun um tónlist og frekara nám. Nemendur hafa einnig öðlast færni til að sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning og geta fjallað um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.

Inntökuskilyrði

Nemendur þreyta inntökupróf í hljóðfæraleik/söng og fræðigreinum tónlistar þar sem lagt er faglegt mat á hæfni nemenda. Miðað er við að nemendur hafi lokið miðprófi í hljóðfæraleik, grunnprófi í söng eða sambærilegu námi.

Skipulag

Nám á brautinni er að lágmarki 150 eininga nám þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur eða tónsmíðar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námsskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Þannig geta nemendur undirbúið sig fyrir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Nemendur stjórna námshraðanum og geta fengið einingar brautarinnar metnar við aðra framhaldsskóla.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat er tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Umgjörð námsmats er útfærð nánar í skólanámskrá og kveðið er á um námsmat fyrir tiltekna áfanga í kennsluáætlun hverju sinni.

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 150 einingar. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærri lágmarkseinkunn til þess að taka framhaldsáfangu. Samkvæmt aðalnámskrá er miðað við að nemandi í fullu námi taki 30 einingar á önn.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- Halda opinbera tónleika.
- Koma fram á tónleikum bæði í hljómsveit og í einleikshlutverki.
- Nýta sér menntun sína og þekkingu á fræðigreinum tónlistar.
- Miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- Sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning.
- Fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýnan og skapandi hátt.
- Vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- Taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- Greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

Lágmarkseiningafjöldi til þess að útskrifast af brautinni er 150.

Kjarni

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Hljóðfæraleikur/ söngur		Hljó/söng 1.1 Hljó/söng 1.2	Hljó/söng 2.1 Hljó/söng 2.2 Hljó/söng 3.1 Hljó/söng 3.2		30
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Jazzsaga	Jazzsaga 1.1 Jazzsaga 1.2				6
Jazzsnarstefjun		J.snarstefj. 1.1 J.snarstefj. 1.2			6
Jazzútsetningar		Jazzúts. 1.1 Jazzúts. 1.2			6
Rokksaga	Rokksaga 1.1 Rokksaga 1.2				6
Rytmísk hljómfræði		R. hljómfr. 1.1 R. hljómfr. 1.2	R. hljómfr. 2.1 R. hljómfr. 2.2		12
Rytmísk tónheyrn	R.tónheyrn1.1 R.tónheyrn1.1	R.tónheyrn2.1 R.tónheyrn2.2			12
Útskriftar- tónleikar			Útskriftar- tónleikar		10
Fein	22	34	36		92

Bundið pakkaval

Hljóðfæraleikur

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Samspil		Samspil 1.1 Samspil 1.2	Samspil 2.1 Samspil 2.2 Samspil 3.1 Samspil 3.2		18
Fein		6	12		18

Söngur

Námsgrein	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Söngvinnubúðir		Söngvinn. 1.1 Söngvinn. 1.2			4
Uppfærsla		Uppfærsla 1.1 Uppfærsla 1.2			6
Fein		14	8		22

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 2

Frjálst val

Hljóðfæranemendur taka að lágmarki 46 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 36 valeiningar úr öðrum áföngum skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist en við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann. Einnig er heimilt er að meta að hámarki 30 valeiningar frá öðrum framhaldsskólum.

Í frjálstu vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagð námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.

Popplína (námslok á 3. hæfniprepi)

Lýsing

Með námi á almennri poppbraut er lagður grunnur að margvíslegum störfum á sviði popptónlistar; sköpun, flutningi, tæknivinnu og hljóðfæraleik í þeim hlutföllum sem hverjum nemanda hentar. Einnig býr námið þá nemendur sem það kjósa undir háskólanám á einhverjum þessara sviða. Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin en auk þess velur nemandi sér á lokaári leiðbeinanda lokaverkefni og vinnur með honum að mótun eigin tónlistar. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnáms skeið á ólíkum sviðum tónlistar, þ.m.t. klassískrar tónlistar og jazz. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá þeir þjálfun í fjölbreyttu samspili í stærri og minni hópum.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fyrir nám við brautina eru að umsækjandi hafi undirstöðu í hljóðfæraleik og/eða söng og sé byrjaður að fást við sköpun tónlistar með einhverjum hætti. Nemendur eru boðaðir í viðtal og inntökupróf þar sem lagt er mat á hæfni umsækjanda. Nemandi þarf að sýna fram á vilja og hæfni til að skapa tónlist, auk góðrar undirstöðu í hljóðfæraleik og/eða söng.

Skipulag

Nám á brautinni er að lágmarki 150 eininga nám þar sem nemendur tileinka sér hæfni á þriðja þrepi. Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja náms skeið á ólíkum sviðum tónlistar. Þannig geta nemendur undirbúið sig fyrir ýmiss konar framhaldsnám á sviði tónlistar. Nemendur stjórna námshraðanum og geta fengið einingar brautarinnar metnar við aðra framhaldsskóla.

Námsmat

Lögð er áhersla á að beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat og að meta vinnu nemenda jafnt og þétt yfir námstímamann. Námsmat getur verið fólgið í símati eða lokaprófi eða hvoru tveggja. Við námsmat er tekið mið af þekkingar-, hæfni- og leikniviðmiðum. Umgjörð námsmats er útfærð nánar í skólanámskrá og kveðið er á um námsmat fyrir tiltekna áfanga í kennsluáætlun hverju sinni.

Reglur um námsframvindu

Lágmarkseiningafjöldi á brautinni er 150 einingar. Í áfangalýsingum koma fram skilyrði um undanfara. Lágmarkseinkunn áfanga er 5 en í einstaka áföngum er heimilt að gera kröfu um hærri lágmarkseinkunn til þess að taka framhaldsáfanga. Samkvæmt aðalnámskrá er miðað við að nemandi í fullu námi taki 30 einingar á önn.

Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að:

- geta starfað sem popptónlistarmaður á víðum grundvelli.
- geta skapað og flutt eigin tónlist.
- geta flutt tónlist annarra.

- nýta sér ólíkar tæknihlíðar tónlistarinnar, hvort heldur er við flutning, sköpun eða upptökur
- kynna og markaðssetja eigin tónlist.
- takast á við háskólanám á sviði popptónlistar.
- eiga góða möguleika á að standast inntökupróf við tónlistarháskóla hér heima og erlendis á sviði popptónlistar.
- halda opinbera tónleika.
- koma fram á tónleikum, hvort heldur er einn eða með öðrum.
- nýta sér menntun sína og þekkingu í fræðigreinum tónlistar.
- miðla tónlist á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- sýna frumkvæði og persónulega túlkun við tónlistarflutning og tónlistarsköpun.
- fjalla um tónlist á ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt.
- vera ábyrgur og virkur einstaklingur í lýðræðissamfélagi.
- taka þátt í menningarlífi hér heima og erlendis og gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki listamannsins.
- greina eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi.

Einingafjöldi

150 fein.

Kjarni

Námgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Hljóðfæraleikur/ söngur		Hlj/söng 1.1 Hlj/söng 1.2	Hlj/söng 2.1 Hlj/söng 2.2 Hlj/söng 3.1 Hlj/söng 3.2		30
Hljóðtækni		Hjóðt. 1.1 Hljóðt. 1.2			6
Hreyfing	Hreyfing 1.1 Hreyfing 1.2 Hreyfing 2.1 Hreyfing 2.2				4
Lagasmíðar		Lagasmíð 1.1 Lagasmíð 1.2			6
Lokaverkefni			Lokaverkefni		10
Raftónlist		Raftónlist 1.1 Raftónlist 1.2			6
Rokksaga	Rokksaga 1.1 Rokksaga 1.2				6
Rytmísk hljómfræði		R. hljómfr. 1.1 R. hljómfr. 1.2			6
Rytmísk tónheyrn	R. tónh. 1.1 R. tónh. 1.2				6
Upptökustjórn			Upptökustj.1.1 Upptökustj.1.2		6
Verkefnastjórnun		Verkefnastj.1.1 Verkefnastj.1.2			6
Fein	16	40	36		92

Bundið pakkaval

Hljóðfæraleikur

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Samspil		Samspil 1.1 Samspil 1.2	Samspil 2.1 Samspil 2.2		12
Fein		6	6		12

Söngur

Námsgrein	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Fein
Meðleikur		Meðleikur 1.1 Meðleikur 1.2	Meðleikur 2.1 Meðleikur 2.2 Meðleikur 3.1 Meðleikur 3.2		12
Söngvinnubúðir		Söngvinn. 1.1 Söngvinn. 1.2			4
Uppfærsla		Uppfærsla 1.1 Uppfærsla 1.2			6
Fein		14	8		22

Fjöldi námskeiðapakka sem nemendur velja: 1 af 2

Frjálst val

Hljóðfæranemendur taka að lágmarki 46 valeiningar og söngnemendur taka að lágmarki 36 valeiningar úr öðrum áföngum skólans. Nemendur geta valið áfanga bæði í rytmískri og klassískri tónlist en við hvern áfanga er tiltekið hvaða undanfara nemendur þurfa að hafa lokið til að velja áfangann. Einnig er heimilt er að meta að hámarki 30 valeiningar frá öðrum framhaldsskólum.

Í frjálstu vali þurfa nemendur að gæta að reglum í aðalnámskrá um hlutfall náms á hæfniprep. Nemendur fá aðstoð náms- og starfsráðgjafa við val á áföngum svo nemendur geti aðlagð námið og sérhæfingu þess sem best að sínum áhuga og framtíðaráformum.